



## Ársskýrsla 2017 – 2018

**Stjórnandi Stóru Lúðró**      **Anastasia Kiakhidi**  
**Stjórnandi Litlu Lúðró**      **Martin Markvoll**

### Litla Lúðró

Flauta	Hera Björk Ragnarsdóttir Íris Anna Sigfúsdóttir
Klarinett	Adda Sigríður Ásmundsdóttir Embla Rós Elvarsdóttir Hulda Salome Gunnarsdóttir Kristjana Ósk S. Hjaltalín Ksenia Kowalska (byrjaði eftir áramót)
Altsaxófónn	-
Kornett	Bence Petö (byrjaði í nóvember)
Básúna	Helga Sóley Ásgeirsdóttir Hjalti Jóhann Helgason
Píanó	Matthildur María Jónsdóttir
Gítar	-
Rafbassi	Hólmgeir Þorsteinsson hefur spilað með á tónleikum.
Slagverk	Ágústa Arnþórsdóttir Elín Hinriksdóttir Ragnheiður Emma Einarsdóttir
Klukkuspil	-

### Þeir sem hættu í Litlu Lúðró sumarið 2017:

Helena María Ægisdóttir (fór í Stóru Lúðró)  
Helga María Elvarsdóttir (fór í Stóru Lúðró)  
Jóhanna María Ægisdóttir (fór í Stóru Lúðró)  
Íris Ísafold Sigurbjartsdóttir (hætt í Litlu Lúðró)  
Ívar Leo Hauksson (fór í Stóru Lúðró)  
Veronika Ósk Þrastardóttir (fór í Stóru Lúðró)

## Stóra Lúðró

Flauta	Theodóra Björk Ægisdóttir
Klarinett	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Margrét Lilja Álfgeirsdóttir
Bassaklarinett	Helga María Elvarsdóttir
Altsaxófónn	Ísól Lilja Róbertsdóttir
Trompett	Hallfreður Lárus Helgason (Trompett) Dagný Inga Magnúsdóttir (Kornett) Helena María Ægisdóttir(Kornett)
Franskt horn Althorn	Sara Rós Hulda Róbertsdóttir Birta Sigþórsdóttir
Básúna	Salvör Mist Sigurðardóttir
Tuba	Martin Markvoll (kennari)
Píanó og klukkuspil	Jóhanna María Ægisdóttir
Slagverk	Jóel Bjarki Sigurðarson Ívar Leo Hauksson

### Þeir sem hættu í Stóru Lúðró sumarið 2018:

Sigurður Guðmundsson - saxófónn  
Haukur Páll Kristinsson - trompet  
Jakub Jozef Kunicki - kornett  
Halldóra Margrét Pálsdóttir - píanó  
Ingimar Þrastarson - rafbassi  
Jón Grétar Benjamínsson - trommur  
Ólafur Birgir Kárason – trommur

## **Víkingasveitin**

Engin Víkingasveit starfaði í vetur en flestir sem voru í Víkingasveitinni í fyrra fóru í Stórsveit Snæfellsness í FSn. Stjórnandi stórsveitarinnar í vetur er Baldur Rafnsson.

### **Nöfn þeirra nemenda sem æfa með stórsveitinni í vetur:**

Anna Soffía Lárusdóttir (ekki í tónó)  
Guðrún Bergmann Agnarsdóttir  
Ísól Lilja Róbertsdóttir  
Haukur Páll Kristinsson  
Haraldur B. Helgason (bara á haustönn)  
Jóel Bjarki Sigurðarson  
Jóhanna K.G. Hjaltalín  
Jón Grétar Benjamínsson  
Rúna Birna Jóhannesdóttir (ekki í tónó)  
Sara Rós H. Róbertsdóttir

## **Ný hljóðfæri**

Vorið 2018 var keypt básúnu, Yamaha YSL-356G, á 219.990 kr.

## **Foreldrafélag**

Í stjórn voru: Erla Friðríksdóttir, Menja von Schmalensee, Róbert A. Stefánsson, Solveig Guðmundsdóttir og Þórný Alda Baldursdóttir.

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið á þessu ári; haldið var utan um æfingabúðir og búningamál, einnig skipulögð ferð á landsmót SÍSL 27. - 29. apríl (A og B-sveitir). Félagið tók að sér að selja veitingar á Degi tónlistarskólanna 24. febrúar. Aðrar hefðbundnar fjáraflanir héldu áfram.

# Starfsárið 2017-18

**7. september** Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró og Stóru Lúðró

## **28. október – Æfingabúðir Litlu Lúðró**

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. Við æfðum *ABCD*, *Stígvélagagið*, *Óðurinn til gleðinnar*, *Lúðrasveitasamba* og *Tveir litlir fiskar*. Kl. 17:00 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum lögin okkar. Að lokum var pitsuveisla og kvöldvaka þar sem við horfðum á mynd og lékum okkur. Kennarar voru Martin og Anastasia. Trommukennarinn var veikur, svo við fengum Jón Grétar (fyrirverandi trommunemanda) til aðstoða trommuhópinn.

## **16. nóvember – Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju**

Fimmtudaginn 16. nóvember voru fyrst skólatónleikar kl. 11:10 þar sem við spiluðum fyrir GSS. Klukkan 18:00 voru hausttónleikar fyrir almenning. Jóhanna Guðmundsdóttir var kynnrir. Litla Lúðró spilaði *ABCD*, *Stígvélagagið*, *Óðurinn til gleðinnar*, *Nú, afhverju ekki?* (*Lúðrasveitarsamba*) og *Tveir litlir fiskar*. Stóra Lúðró spilaði fyrst *Heiðlóarkvæði* þar sem Halla Dís Hallfreðsdóttir leiddi fjöldasöng. Síðan lék sveitin *Valsasyrpu*, *Ja-Da*, *I Will Always Love You*, *Lord of the Rings*, *Circle of Life*, *The Kraken* og *Beware of the Car*.

## **1. desember – Tendrað á jólatrénu**

Á föstudegi kl. 16:00 var tendrað á jólatrénu frá Noregi. Stóra Lúðró spilaði: *Bráðum koma blessuð jólin*, *Skreytum hús*, *Jólasveinar ganga um gólf* og *Vi tenner våre lykter*.

## **8. desember – Heimsókn í leikskólann kl. 10:00**

Litla Lúðró heimsótti leikskólann og spilaði *Jólaklukkan* og *Bráðum koma blessuð jólin*. Nokkrir nemendur spiluðu síðan önnur lög inn á milli.

## **14. desember – Hátíðartónleikar tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju**

Á hátíðartónleikum tónlistarskólans spilaði Litla Lúðró *Jólaklukkan* og *Bráðum koma blessuð jólin*. Stóra Lúðró spilaði *Rúðólf með rauða nefið* og *Við kveikjum einu kerti á*.

## **24. febrúar – Dagur tónlistarskólanna í Stykkishólmskirkju**

Lúðrasveitin kom ekki fram á þessum tónleikum, en foreldrafélagið sá um kaffisölu til að safna í ferðasjóð.

### **10. mars – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró**

Þessi laugardagur var notaður til að æfa og skemmta okkur í tónlistarskólanum. Kl. 17:30 voru tónleikar í salnum þar sem við spiluðum *Kvöldu tekur sest er sól*, *Ja Da*, *Can Can*, *Game of Thrones*, *Lord of the Rings*, *Beware of the Car*, *Valsa-syrpa* og *Totoro Medley*.

Að lokum var pitsuveisla og spurningakeppni. Kennarar voru Anastasia, Martin og Haffi.

### **23. mars – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró**

Æfingabúðir Litlu Lúðró voru haldnar föstudaginn 23. mars. Við æfðum *We Will Rock You*, *Afmælissönginn*, *Chiapanecas*, *Trúðadans* og *My Heart Will Go On*. Að lokum voru foreldratónleikar, pitsuveisla og kvöldvaka. Kennarar voru Martin, Anastasia og Haffi.

### **12. apríl – Vortónleikar**

Fimmtudaginn 12. apríl voru haldnir vortónleikar í Stykkishólmskirkju kl. 18:00.

Litla Lúðró spilaði *We Will Rock You*, *Afmælissönginn*, *Chiapanecas*, *Trúðadans* og *My Heart Will Go On*. Stóra Lúðró spilaði *Kvöldu tekur sest er sól*, *Lord of the Rings*, *Can Can*, *Game of Thrones*, *Beware of the Car*, *Ja Da* og *Totoro Medley*. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

### **27. - 29. apríl – Landsmót SÍSL í Breiðholti**

Allir nemendur í Litlu komu með, ásamt einum trommuleikara úr Stóru Lúðró.

Farastjórar voru Martin, Anastasia, Þórný Baldursdóttir, Unnur Steinsson og Jón Þór Eyþórsson.

Lagt var af stað á einkabílum eftir hádegi á föstudag. Okkar nemendur voru í tveim yngri hópunum; gulu sveitinni og rauðu sveitinni. Martin tók þátt í að stjórna gula sveitinni.

Á sunnudag voru tónleikar í íþróttahúsinu Austurbergi. Við vorum komin heim um kvöldmatarleytið á sunnudag. Þetta var vel heppnað mót og við skemmtum okkur vel.

### **1. maí – Stóra Lúðró spilar á Fosshótel Stykkishólmi í hátíðahöldum.**

Við spilum: *Ja-Da*, *Game of Thrones*, *Can Can*, *Totoro*.

### **3. maí – Litla Lúðró spilar fyrir leikskólann**

Fimmtudaginn 3. maí fekk Litla Lúðró heimsókn af elsta bekk leikskólans.

Við spiluðum *We Will Rock You*, *Trúðadans* og *My Heart Will Go On*, en sögðum einnig frá hljóðfærin okkar.

### **2. júní – Þvottadagur**

Allir málmblásturs- og trommunemendur úr Litlu og Stóru Lúðró voru boðaðir á þvottadag.

Það mættu aðeins 4 málmblásarar af 12 og 1 trommari af 5.

### **3. júní – Sjómannadagur**

Stóra Lúðró spilaði tvö lög hjá Dvalarheimilinu áður en marserað var niður að höfn. Þar spiluðum við nokkur lög fyrir framan Sjávarpakkhúsið: Öxar við ána, Hafið bláa hafið, Á Sprengisandi, Ó nema ég og Totoro.

### **17. júní – Þjóðhátíðardagur**

Á þjóðhátíðardaginn var spilað í skrudgöngu. Byrjað var fyrir utan dvalarheimilið kl. 13:15 og þaðan var gengið niður Skólastíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð þar sem hátíðin var haldin. Níu nemendur úr Litlu Lúðró tóku þátt í göngunni þar sem trommunemendur spiluðu einnig með. Lúðrasveitin spilaði nokkur lög í garðinum, en Kór Stykkishólmskirkju sá um að syngja þjóðsönginn að þessu sinni. Lögin sem við spiluðum voru: *Öxar við ána*, *Ó nema ég og Totoro March*. Martin Markvoll stjórnaði að þessu sinni (Anastasia var komin til Rússlands í sumarfrí)

### **Auk þess hefur...**

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum fimmtudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.

Anastasia Kiakhidi og Martin Markvoll  
Stykkishólmi, 7. júlí 2016